

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2007

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2007 var tekinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 14. maí, og var honum vísað til seinni umræðu. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn miðvikudaginn 21. maí n.k.

Rekstur ársins 2007

Samstæðureikningur Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta. Í A-hluta eru Aðalsjóður, Eignasjóður, Þjónustustöð og Fasteignafélag Árborgar. Í B-hluta eru Leigubústaðir, Byggingarsjóður aldraðra, Fráveita, Vatnsveita og Selfossveitur. Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum, en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru:

Í þús.kr.	A-hluti			A- og B-hluti		
	2007	Áætlun	Mis- munur	2007	Áætlun	Mis- munur
Rekstrartekjur	3.291.910	3.140.464	151.445	3.902.753	3.663.652	239.101
Rekstrargjöld	(3.059.739)	(2.905.998)	153.740	(3.304.032)	(3.110.221)	193.811
Niðurstaða án afskrifta	232.171	234.466	(2.295)	598.721	553.431	45.290
Afskriftir	(118.609)	(119.930)	1.321	(234.651)	(240.729)	6.078
Niðurstaða án fjárm. liða	113.562	114.536	(974)	364.070	312.702	51.368
Fjármagnsliðir, nettó	(15.464)	(99.682)	84.218	(162.494)	(222.873)	60.379
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	98.098	14.854	83.244	201.576	(89.828)	111.748
Söluhagnaður	471.507	474.724	(3.217)	471.507	474.724	(3.217)
Niðurstaða fyrir reiknaðan rekjuskatt	569.605	489.578	80.027	673.083	564.552)	108.531
Reiknaður tekjuskattur				(14.276)	0	(14.276)
Rekstrarniðurstaða	569.605	489.578	80.027	658.807	564.552	94.255

Heildartekjur eru 3.903 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 3.304 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 84,7% af heildartekjum A og B hluta ársreikningsins. Fræðslu- og uppeidismál eru umfangsmesti málaflokkur í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 1.623 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er mjög stór vinnuveitandi; greiðir um 1.812 millj.kr. í laun og launatengd gjöld. Handbært fé frá rekstri eru 966,6 millj.kr., afborganir lána eru 374 millj.kr. og nettó fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er 723,2 millj.kr. Tekin voru ný lán á árinu alls 618 millj.kr.

Reikningurinn sýnir jákvæð frávik miðað við fjárhagsáætlun ársins 2007 sem nemur 94,2 millj.kr. Útvarstekjur eru 111 millj.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og þá skila tekjur frá Jöfnunarsjóði sér betur en áætlanir gerður ráð fyrir eða um 70 millj.kr. Einnig eru jákvæð frávik í öðrum málaflokkum. Í stofnunum og deildum undir A-hluta munar mest um 35 millj.kr. sem félagsmálin eru undir áætlun og 22 millj.kr. sem fræðslumálin eru undir áætlun. Umhverfismál eru 3 millj.kr. undir áætlun, Uppreiknuð lífeyrisskuldbinding er 64 millj.kr. yfir áætlun, Sameiginlegur kostnaður eru 41 millj.kr. yfir áætlun. Skipulags og byggingarmál eru 30 millj.kr. yfir áætlun, Hreinlætismál eru 5 millj.kr. yfir áætlun, Menningarmál eru 2 millj.kr. yfir áætlun, og Æskulýðs- og íþróttamál eru 2 millj.kr. yfir áætlun en aðrir sjóðir í Aðalsjóði veiga minna. Þá eru nettó fjármagnsliðir í Aðalsjóði neikvæðir um 151 millj.kr. Eignasjóður, þjónustustöð og rekstur fasteignafélags eru samtals 80 millj.kr. yfir áætlun. Í B-hluta skilar Vatnsveitan betri afkomu en áætlað var sem nemur 55 millj.kr. Leigubústaðir Árborgar skila hinsvegar lakari afkomu sem nemur 19 millj.kr., Þá skila Byggingasjóður aldraðra 10 millj.kr. lakari afkomu, Selfossveitur 6 millj.kr. lakari og Fráveitan 6 millj.kr. lakari afkomu en áætlað var.

Fjárfestingar

Fjárfestingar námu alls 1.467 millj.kr., sem skiptist þannig: fasteignir 1.065 millj.kr, veitu- og gatnakerfi 315 millj.kr. og vélar, áhöld og tæki 87, millj.kr. Þá var söluverð rekstrarfjármuna 14,1 millj.kr. og bókfærður söluhagnaður 9,5 millj.kr.

Efnahagsreikningur 31.12.2007

Samanteknar niðurstöður efnahagsreikningsins birtast í töflunni hér að neðan:

Í þús.kr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2007	2006	2007	2006
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.857.517	2.854.952	6.518.766	5.291.143
Áhættufjárm. og langt.kröfur	1.236.844	1.080.426	583.374	422.675
Veltufjármunir	1.627.671	1.070.409	1.641.748	1.149.105
Eignir samtals	6.722.033	5.005.787	8.743.888	6.862.923

Frh. á næstu síðu

Í þús.kr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2007	2006	2007	2006
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	2.165.473	1.254.121	2.756.400	1.793.099
Lífeyrisskuldbindingar	960.398	825.227	1.063.642	913.443
Langtímaskuldir	2.516.558	2.147.564	3.788.353	3.450.595
Skammtímaskuldir	1.079.603	778.876	1.135.491	705.786
Skuldir og skuldb. samtals	4.556.560	3.751.667	5.987.488	5.069.824
Eigið fé og skuldir samtals	6.722.033	5.005.788	8.743.888	6.862.923

Sjóðstreymi ársins 2007

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan:

Í þús.kr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2007	Fjárh.áætl.	2007	Fjárh.áætl.
Niðurstaða ársins	569.605	489.578	658.808	564.552
Veltufé frá rekstri	384.052	130.208	686.451	390.331
Handbært fé frá rekstri	639.186	113.208	966.567	373.331
Fjárfestingahreyfingar	(502.878)	(391.768)	(847.137)	(985.228)
Fjármögnunarhreyfingar	443.936	731.311	405.282	1.063.524
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé	580.245	452.751	524.713	451.627

Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan:

Í þús.kr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2007	Áætlun	2007	Áætlun
Í hlutfalli við rekstrartekjur				
Laun og launatengd gjöld	52,1%	54,4%	46,4%	49,5%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3,2%	1,3%	3,1%	1,1%
Annar rekstrarkostnaður	37,7%	36,9%	35,2%	34,3%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	7,1%	7,5%	15,3%	15,1%
Afskriftir	3,6%	3,8%	6,0%	6,6%
Fjármagnsliðir	0,5%	3,2%	4,2%	6,1%
Reiknaðir skattar	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%
Rekstrarniðurstaða	17,3%	15,6%	16,9%	15,4%
Hreint veltufé frá rekstri	11,7%	4,1%	17,6%	10,7%
Handbært fé frá rekstri	19,4%	3,6%	24,8%	10,2%

Í þús.kr.	Bæjarsjóður	Samstæða		
	A-hluti	A- og B-hluti		
	2007	Áætlun	2007	Áætlun
Á íbúa				
Skatttekjur	373.749	346.763	373.749	346.763
Aðrar tekjur	61.401	68.038	142.147	137.143
Laun og launatengd gjöld	(240.582)	(230.859)	(255.269)	(244.993)
Annar rekstrarkostnaður	(163.878)	(152.974)	(181.483)	(165.814)
Afskriftir	(15.679)	(15.841)	(31.018)	(31.796)
Fjármunatekjur og fjárm.gjöld	(2.044)	(13.166)	(21.480)	(29.483)
Rekstrarniðurstaða	12.967	1.962	26.646	11.865
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,51	0,79	1,45	0,82
Eiginfjárhlutfall	32,2%	23,2%	31,5%	24,5%
Íbúafjöldi	2007	2006	2005	2004
Í árslok	7.565	7.311	6.961	6.522

Framtíðarsýn

Mikil uppbygging hefur einkennt rekstur sveitarfélagsins undanfarin ár. Á árinu 2007 lauk framkvæmdum við 2. áfanga Sunnulækjarskóla og framkvæmdum við 3. áfanga, íþróttahús, var næstum lokið við áramót. 3. áfanginn var tekinn í notkun í byrjun ársins 2008. Á árinu 2007 hófust framkvæmdir við byggingu sex deilda leikskóla við Norðurhóla á Selfossi, og lokið var undirbúningi vegna byggingar nýs skóla á Stokkseyri en framkvæmdir hófust þar í byrjun árs 2008. Áfram verður unnið að uppbyggingu fráveitu-, hitaveitu- og kaldavatnskerfis. Fjárfestingar næstu ára verða umtalsverðar vegna þeirra hröðu uppbyggingar sem gert er áfram ráð fyrir í sveitarfélaginu.

Á síðasta ári fjölgaði íbúum Árborgar um 254 eða um 3,5 %. Fyrstu mánuði ársins 2008 hefur íbúum fjölgað um 2 % eða um tæp 5% á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram enn um sinn enda mikil uppbygging framundan. Fjölgunin skilar sér í auknum skatttekjum en að sama skapi áframhaldandi þenslu í þjónustubáttum sveitarfélagsins s.s. grunn- og leikskólamála. Gert er ráð fyrir því í áætlunum að fjölgunin hafi jákvæð áhrif á reksturinn.

Hægt verður að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is> eftir að hann hefur verið tekinn til seinni umræðu í bæjarstjórn.